



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/943*  
*komudagur 28.2.2002*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 26.febrúar 2002.

Alþýðusambandi Íslands ( ASÍ ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, 361. mál.

ASÍ er sammála þeim breytingum sem lagðar eru til enda starfa lífeyrissjóðir verkalýðshreyfingarinnar undir ströngu eftirliti og aðhaldi í fjárfestingum sínum. Einstakar fjárfestingar geta talist varasamari en aðrar eftir efnum og aðstæðum á markaði hverju sinni. Það getur m.a. átt við sum þeirra fyrirtækja sem nefnd eru undir tölulíð 2 í greinagerð frumvarpsins en einnig ber að hafa í huga þá nálægð sem einstakir lífeyrissjóðir geta verið í við þessi sömu fyrirtæki. Frelsi undir ströngu eftirliti og aðhaldi ætti þó að jafnaði að vega þær áhættur upp.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
ASÍ – Vinnuréttardeild.